

333. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, mánudaginn 15. september 2025 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædis Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri og Jón Arnar Sverrisson garðyrkjustjóri.

Fundargerð ritaði: Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2506103 - Elínarvegur 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Framkvæmdastjóri N1 Magnús Hafliðson kemur á fundinn og fer yfir fyrirhugaða uppbyggingu á Elínarvegi 3.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar Magnúsi fyrir greinagóða kynningu á fyrirhugaðri starfsemi á Elínarvegi, nýrri stöð N1 á Akranesi. Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Magnús Hafliðson vísar af fundi.

2. 2509078 - Garðyrkjustjóri 2025

Verkefni garðyrkjustjóra sumarið 2025, farið yfir verkefni sumarsins. Jón Arnar Sverrisson situr fundinn undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar garðyrkjustjóra fyrir vel unnin verk í sumar.

3. 2501137 - Vinnuskólinn 2025

Skýrsla Vinnuskólans 2025 lögð fram.

Undir þessum lið situr Jón Hjörvar Valgarðsson og Jón Arnar Sverrisson.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar fyrir greinagóða samantekt á störfum og stöðu vinnuskólans 2025. Jafnframt vísar ráðið málinu til kynningar í Skóla- og frístundarráði og Ungmennaráði. Óskað er eftir endurgjöf á tillögum til breytinga á vinnuskólanum.

Gestir vísar af fundi: Jón Hjörvar Valgarðsson og Jón Arnar Sverrisson.

4. 2502156 - Grundaskóli - lausar kennslustofur (gámar)

Yfirferð á sölu á gámalengjum við Grundaskóla.

Tilboð eru komin í þrjár lengjur af fjórum.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir sölu á gámum og felur verkefnastjóra að ganga frá málinu.

5. 2508045 - Breyting á aðalskipulagi vegna Innnesvegar 1 - Umsókn til

skipulagsfulltrúa

Á fundi bæjarstjórnar þann 9. september 2025 var málinu vísað að nýju til skipulags- og umhverfisráðs og ráðinu falið að afla lögfræðilíts vegna þeirra álitaefna sem rakin voru í umræðum um málið.

Gögn málsins ásamt minnisþunktum ytri ráðgjafa lögð fyrir skipulags- og umhverfisráð.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir á ný að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja aðalskipulagsbreytingu vegna Innnesvegur 1, að breytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt 3:0

6. 2308168 - Deiliskipulag Flatarhverfi klasi 5 og 6, Innnesvegur 1, Breyting - umsókn til Skipulagsfulltrúa

Á fundi bæjarstjórnar þann 9. september 2025 var málinu vísað að nýju til skipulags- og umhverfisráðs og ráðinu falið að afla lögfræðilíts vegna þeirra álitaefna sem rakin voru í umræðum um málið.

Gögn málsins ásamt minnisþunktum ytri ráðgjafa lögð fyrir skipulags- og umhverfisráð.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir á ný framlagða greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt ásamt greinargerð skipulagsfulltrúa sem svör við þeim athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið.

Samþykkt 3:0

7. 2502159 - Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreit - Kirkjubraut

Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits, drög að nýju deiliskipulagi Kirkjubrautar lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að haldinn verði kynningarfundur fyrir íbúa og málið kynnt.

8. 2502160 - Breyting á deiliskipulagi Stofnanareits - Kirkjubraut

Breyting á deiliskipulagi Stofnanareits, drög að nýju deiliskipulagi Kirkjubrautar lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að haldinn verði kynningarfundur fyrir íbúa og málið kynnt.

9. 2502162 - Breyting á deiliskipulagi Arnardalsreits - Kirkjubraut

Breyting á deiliskipulagi Arnardalsreits, drög að nýju deiliskipulagi Kirkjubrautar lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að haldinn verði kynningarfundur fyrir íbúa og málið kynnt.

10. 2502163 - Breyting á deiliskipulagi Miðbæjarreits - Kirkjubraut

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að haldin verði kynningarfundur fyrir íbúa og málið kynnt.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að haldinn verði kynningarfundur fyrir íbúa og málið kynnt.

11. 2502161 - Nýtt deiliskipulag Kirkjubraut

Hönnuðir frá Studio Jæja lögðu fram drög að nýju deiliskipulagi Kirkjubrautar.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að haldinn verði kynningarfundur fyrir íbúa og málið kynnt.

12. 2509073 - Dalbraut 4 - Skipulag og umhverfi

Erindi frá húsfélaginu á Dalbraut 4 um breytingu á eignaskiptayfirlýsingu vegna bílastæða á lóð. Óskað er eftir að íbúar á Dalbraut 4 fái 10 bílastæði á lóð sem tilheyrir jarðhæð Dalbraut 4.

Einnig er gerð athugasemd varðandi bílastæðavanda milli Dalbrautar 4 og Dalbrautar 6. Jafnframt er fyrirspurn um stöðu á skipulagi Dalbrautar 2 og Stillholts 23.

Skipulags- og umhverfissráð tekur neikvætt í að breyta bílastæðafyrirkomulagi á Dalbraut 4. Hins vegar verði brýnt fyrir starfsfólki Akraneskaupstaðar fyrirkomulag bílastæða við húsið.

Varðandi Dalbraut 6 þá er bilgeymslan ónothæf þar sem öryggisúttekt hefur ekki farið fram og hefur byggingarfulltrúa verið falið að hafa samband við húseiganda á Dalbraut 6 vegna málsins.

Staðan á skipulagi fyrir Dalbraut 2 og Stillholt 23 er á byrjunarstigi.

Skipulagslýsing var auglýst og annað hefur ekki verið gert í málinu. Þær athugasemdir sem berast með skipulagslýsingu er ekki svarað heldur eru þær teknar til skoðunar í hönnun skipulagsins. Ef málið mun halda áfram mun íbúum gefast tækifæri á að koma athugasemdum sínum á framfæri með hefðbundnum hætti skv. skipulagslögum.

Varðandi aðrar ábendingar í erindinu ráðleggur ráðið að þær verði teknar upp með húsfélaginu.

13. 2508153 - Suðurgata 50a - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Umsókn til skipulagsfulltrúa vegna breytinga á tvíbýlishúsi við Suðurgötu 50A, núverandi gildandi teikningar eru með tveimur fastanúmerum og einni leigueign. Sótt er um breytingar á húsnæði þannig að úr verði 4 íbúðir.

Skipulags- og umhverfissráð tekur neikvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa að svara erindinu.

14. 2509020 - Suðurgata 18 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um að stækka lóð að Suðurgötu 18. Sótt er um stækkun lóðar í suður, í átt að Akursbraut, lóðin er í dag 441,5 fm og verður eftir stækkun 475,9fm.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt skal fyrir Suðurgötu 16 og 20.

15. 2508001 - Smiðjuvellir 15 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa Smiðjuvalla 15 um stækkun á lóð í átt að Akranesvegi. Samkvæmt uppdrætti frá Ask Arkitektum dagsettum 05.09.25 felst að núverandi lóð er 11.351,7 fm en verður 12.233,2fm, heildarstækkun nemur 871,5fm til norðurs. Bílastæðum fjölga um 40 á lóð.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt skal fyrir Smiðjuvöllum 9 og 17.

Lóðarhafi ber allan kostnað af breytingunni.

16. 2506057 - Skólabraut 26 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa frá Heimi Bergmann fyrir hönd Eignaberg ehf. um að breyta verslunarhúsnæði á jarðhæð Skólabrautar 26 í íbúð. Óskað var eftir að Skipulags- og umhverfisráð myndi taka málið aftur upp.

Skipulags- og umhverfisráð hafnar erindinu. Ekki verði leyfilegt að breyta skrifstofu- og verslunarrými í íbúð á reit M-116 skv. Aðalskipulag Akraness 2021-2033 og vísar í fyrri bókun ráðsins um málið.

Jafnframt vill ráðið koma því á framfæri að breytingar á innra skipulagi hússins krefjast byggingarheimildar.

17. 2509100 - Æðaroddi 27 - samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar vegna smáhýsis

Eigendur að Æðarodda 27 óska eftir samþykki Akraneskaupstaðar um að staðsetja smáhýsi á lóð sinni þannig að liggi að lóðarmörkum. Samþykki liggur fyrir frá lóðarhafa á Æðarodda 25 og frá Hestamannafélaginu Dreyra.

Skipulags- og umhverfsráð heimilar staðsetningu smáhýsis.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:02.